



MARKVISSAR TÓNLISTASTUNDIR

Katrín Hildur Jónasdóttir
leikskólakennari og deildarstjóri.
Leikskólinn Akrar, 2017

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Markmið verkefnisins var þrjúþætt:

- að auka tónlistarstarf í leikskólanum með því að gefa starfsfólki hugmyndir til að vinna með tónlist óháð menntun og tónlistarlegrar getu þess.
- að festa kaup á fjölbreytilegum hljóðfærum sem nýst gætu í tónlistarstarfi.
- Að efla kórstarf elstu barna leikskólans.

Leiðir sem farnar voru til að ná markmiðum þ.e. framkvæmd, tímaáætlun og umfang verkefnis

Sumarið 2017 las ég mér til um tónlistarvinnu með börnum á netsíðum og í bókum og bjó svo til átta markvissar tónlistarstundir sem hægt er að nýta stakar eða 1-3 í sömu tónlistarstundinni. Efnið var ýmist frá mér sjálfri komið eða byggt á hugmyndum annarra. Allar Markvissu tónlistarstundirnar eru eins settar upp. Sagt er hvert markmið stundarinnar er, fyrir hvaða aldur hún hentar, æskileg stærð barnahópsins, hvaða efnivið er hægt að nota og framkvæmdin. Stundirnar eru miserfiðar eftir aldri og getu barna og eru ýmist með hljóðfærum eða án.

Ég keypti hljóðfæri í Krumma og Tónstöðinni og valdi blöndu af hristum, bjöllum, trommum, tambúrínunum, sílófónunum og fleira. Ætlunin var að búa til tíu markvissar stundir en þær urðu átta. Ástæðan er sú að ég hafði fylgst með þróunarverkefnum annarra starfsmanna leikskólans og sá að til þess að þessi efniviður verði nýttur er mikilvægt að hann sé sýnilegur og aðgengilegur. Því ákvað ég að minnka mín vinnulaun sem næmi tveimur tónlistarstundum og kaupa í staðinn hillu á hjólum sem auðvelt væri að fara með á milli staða. Ég keypti einnig box undir sum minni hljóðfærin. Hvert box og hljóðfæri á svo sinn stað í hillunni þar sem heiti þess er skráð svo læra megi hvað hljóðfærin heita. Hljóðfærahilluna er hægt að taka í heilu lagi inn á deildar eða sal en einnig er hægt að taka eitt og eitt box, t.d. hristu, og útbjó ég miða merkta hverri deild og sérkennslunni sem á að setja í stað boxins sem er tekið. Þannig er hægt að sjá hvar hristurnar eru í notkun ef ske kynni að gleymdist að skila þeim.

Ég fékk að kynna tónlistarstundirnar og hljóðfærahilluna á starfsmannafundi. Þar hvatti ég starfsfólk til að prófa sjálft hljóðfærin með börnunum en lagði áherslu á að kenna börnunum góða umgengni við hljóðfærin og að þessi efniviður væri eingöngu í boði með starfsmanni en ekki í frjálsum leik. Einnig sýndi ég hvernig mætti vinna með staka markvissa tónlistarstund eða fleiri í einni stund.

Í leikskólanum bjóðum við upp á Flæði einu sinni í viku. Þá geta börn og starfsfólk af öllum deildum valið sér stöðvar út um alla skóla og unnið með vísindi, hreyfingu, sögupoka, tónlist og fleira. Hugmyndin er að börn og starfsfólk kynnist þvert á leikskólann, læri hvert af öðru og fái hugmyndir að verkefnum sem hægt er að nýta í starfi. Ég fékk leyfi til að taka að mér tónlistarstöðina eftir áramót og sýna þá öðru starfsfólk sem valdi stöðina hvernig hægt væri að vinna með Markvissu tónlistarstundirnar og hljóðfærin.

Ég byrjaði kórstarf í janúar með elstu börnum leikskólans. Eitt markmið kórnsins var að hann flytti nokkur lög í útskrift elstu barnanna í maí. En börnin fengu þó að læra heilmargt annað en bara að syngja. Ég lagði áherslu á að kenna þeim um takt og tilgang hans í lögum, samvinnu og samsöng. Börnin fengu líka grunn í tónfræði og lærðu að syngja raddað og keðjusöng. Til að byrja með skipti ég árgangnum í tvo hóp og æfði hvor þeirra einu sinni í viku. Þegar nær dró tónleikum jók ég æfingarnar og síðustu vikuna voru æfingar á hverjum degi.

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun

Upphaflega var ætlunin að byrja strax í september að vinna með markvissar tónlistastundir og hljóðfærin. Erfiðlega gekk að finna tíma sem hentaði bæði mér og skólustjóranum til að kaupa hljóðfæri þar sem það vantaði oft starfsfólk í vinnu til að leysa mig af. Ég gat þó byrjaði að vinna með nokkrar markvissar stundir með barnahópnum þar sem ég þurfti ekki að nýta hljóðfæri eða gat nýtt annan efnivið í staðin. Það kom svo að því í lok nóvember að það skapaðist rími til að fara í leiðangur og gat ég keypt hljóðfæri og fleira í einni ferð.

Eins og áður sagði hafði ég hugsað mér að gera 10 markvissar stundir en eftir að hafa fylgst með ferli annarra þróunarverkefnum hér í leikskólanum sá ég hversu miklu máli aðgengi og sýnileiki efniviðar skiptir miklu máli. Því ákvað ég að kaupa hillu á hjólum undir hljóðfærin til að starfsfólk ætti auðveldara að ferðast með hljóðfærin inn á deildir.

Á menntadögum í Garðabæ í október 2017 sat ég kynningu leikskólans Hæðarbóls á kórstarfi í skólanum og þar var mér bent á hve þægilegt væri að vera með nótnastatíf í kórstarfi. Ég ákvað því að kaupa það þó svo það væri ekki á innkaupalistanum og það nýttist vel.

Mat á verkefninu

Mér fannst spennandi að vinna að þessu verkefni og ég fann að það ýtti enn frekar undir áhuga minn að vinna með tónlist í leikskólanum þegar ný og falleg hljóðfæri voru komin á staðin. Mér fannst starfsfólk skólans almennt taka vel í verkefnið og sýndi áhuga á að kynna sér markvissar stundir í Flæðinu og leitaði oft til mín eftir hjálp. Það gladdi mig mjög mikið þegar ég sá starfsfólk taka hljóðfærahilluna með sér í hópstarf og annað inn á deildir.

Kórstarfið fannst mér ganga ótrúlega vel og sást það best á hve áhugasöm börnin voru. Það kom mér svo skemmtilega á óvart hvað þau voru námsfús og opin fyrir þessari vinnu og að þau skildu geta það sem þau gátu, þau koma manni stöðugt á óvart. Mig langar að byrja með kórinn strax á haustönn héðan í frá og þá auk tónfræði, samvinnu og annars langar mig að þau læri friða og jólalög og færu kannski á 1-2 staði og syngju fyrir áhorfendur. Þannig myndu þau eflast í að koma fram og sjálfstraustið aukast.

Það besta við þetta verkefni er þó hve áhugasöm og glöð börnin voru alltaf þegar ég kom með hljóðfæri inn á deild. Ég sá líka að þau börn sem völdu tónlist í Flæði komu yfirleitt aftur viku seinni og jafnvel aftur eftir það.

Þetta er þó þannig efniviður að það þarf að minni á hann og hvetja starfsfólk til að vera ekki feimið við hann.

Ráðstöfun styrks þ.e:

Heildarupphæð styrks 405 000 kr.

Laun kr. 186 492

Gögn kr. 218 508

Afrakstur, ávinningur fyrir skólastarf og kynning

Í námskrá Akra segir m.a. „að markmið okkar í tónlistarstarfi sé að vinna að söng í mismunandi útfærslum, takt, hrynjanda og tjáning. Þjálfá tóneyra, rytma og takt og tjáningu. Tónlist hefur mikil áhrif á tilfinningar. Hún getur verið slakandi, örvandi, gleðileg, sorgleg o.s.fv.“ Ég tel að verkefnið samræmist mjög vel námsskrá og grunngildum leikskólans. Ég held að það efli enn frekar tónlistarstarf og það fái stærri sess í skólastarfinu. Ég vona að allt starfsfólk treysti sér til að vinna að því með hjálp meira úrvals hljóðfæra og markvissra og aðgengilegra tónlistarstunda.

Á leikskólum þarf að koma til móts við ólíkar þarfir og áhuga barna og eru tónlistarstundir liður í að koma til mót við þær og að börnin geti verið virk í sínu námi.

Ég hef fulla trú á því að þetta verkefni eigi sér fullan rétt inn í leikskólann og eygi eftir að auðga nám og leik barnanna. Það þarf þó áfram að minna starfsfólk á að nýta hljóðfærin og stundirnar og kynna það fyrir nýju starfsfólki.